

Nd.

673. Frumvarp til laga

[254. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 547 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Útvegsbanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

7. gr. hljóðar svo:

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

- a) Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi.
- b) Ákvarðanir um rekstrar- og greiðsluáætlanir Fiskveiðasjóðs, er gerðar skulu fyrirfram 1 ár í senn.
- c) Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánakjör.
- d) Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.
- e) Ráðning forstjóra sjóðsins. Heimilt er einnig að ráða aðstoðarforstjóra.
- f) Skipun matsnefndar.

8. gr. hljóðar svo:

Forstjóri sjóðsins hefur á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirætlunum í reglugerð og skv. ákvörðunum sjóðsstjórnar. Í reglugerð má einnig ákveða, að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra heimild til að ákveða lánveitingar úr sjóðnum innan tiltekinna marka. Stjórn Útvegsbanka Íslands ræður aðra starfsmenn sjóðsins en um ræðir í 7. gr., samkvæmt tillögum forstjóra sjóðsins. Um laun og kjör þeirra gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans.

10. gr. hljóðar svo:

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum hans fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum og í ársskýrslu Útvegsbankans.